

***BORGARRÁÐ 20. maí 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi
kostnað við innleiðingu Microsoft Office 365 í skólaumhverfi Reykjavíkurborgar -
R21050179***

Borgarfulltrúi Flokks fólksins veit til þess að búið er að innleiða Microsoft Office 365 í allt skólaumhverfið borgarinnar. Þar er um að ræða svokölluð skólaleyfi sem hljóta að vera ódýrari en þau leyfi sem þarf að kaupa af Microsoft vegna innleiðingar Office 365 í skrifstofuumhverfi Reykjavíkurborgar. Í framhaldi af því spyr borgarfulltrúi Flokks fólksins um hversu mikill kostnaðarauki verður af þessari innleiðingu miðað við þann kostnað sem Reykjavíkurborg hefur verið að greiða Microsoft fyrir þann Office hugbúnað sem í notkun hefur verið árum saman í skrifstofuumhverfi borgarinnar? Einnig langar borgarfulltrúann að vita hvort borgin hafi nokkurn tíma kannað hvort hægt hefði verið fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, að sameinast í leyfakaupum af Microsoft og jafnvel ná með því betri tilboðum vegna aukins fjölda leyfa sem yrði vegna slíks sameiginlegs útboðs. Hefur borgin kannað möguleika á sameiginlegt útboð til að fá betra samninga?